

# Fundargerð 351. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands 15. október 2012

Árið 2012, mánudaginn 15. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson og Steinþór Pétursson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 350. fundar - 1202002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 350. fundar frá 19. september 2012.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Kosning varaformanns og gjaldkera - 1210226HA

Kosning varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2012-2014.

*Að tillögu formanns voru Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir kjörin varaformaður og Skúli Þórðarson gjaldkeri.*

### 3. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Lögð fram ályktun 38. hafnasambandsþings um langtímastefnu fyrir hafnir landsins, sem vísað var til stjórnar HÍ og því beint til stjórnarinnar að skipaður verði starfshópur, með aðkomu hagsmunaaðila, sem vinni að sýn og langtímastefnu fyrir íslenskar hafnir.

*Málið rætt, ákveðið að fresta til næsta fundar.*

### 4. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Lögð fram ályktun 38. hafnasambandsþings um skipulags- og umhverfismál þar sem því er beint til stjórnar HÍ að taka upp viðræður við yfirvöld umhverfis- og skipulagsmála um, að við setningu laga og reglna verði tekið mið af nauðsyn þess að minniháttar framkvæmdir og skipulagsbreytingar lúti ekki ósveigjanlegum og tímafrekum verkferlum.

*Formanni falið að ræða við skipulagsmálanefnd sambandsins sem og Guðjón Bragason sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.*

### 5. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Lögð fram ályktun 38. hafnasambandsþings um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna þar sem stjórn HÍ er falið að láta gera úttekt á efnahagslegum áhrifum hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi.

*Formanni og starfsmanni hafnasambandsins falið að setja fram forsendur sem hægt verður að notast við þegar efnahagsleg áhrif hafna eru skoðuð.*

### 6. Starfsnefndir 2012-2014 - 1210227HA

Skipað í starfsnefndir 2012-2014.

*Formaður lagði fram tillögur um skipan starfsnefnda 2012-2014.*

Í fræðslunefnd voru kjörnir:

1. Steinhólf Pétursson Fjarðabyggðarhöfnum, formaður
2. Pétur Jóhannsson Reykjaneshöfnum og
3. Guðný Sverrisdóttir Hafnasamlag Norðurlands.

Nefndin fjallar um ýmis fræðslumál sem tengjast rekstri hafna s.s. endurmenntun vegna vigtarmála, gerir tillögu að námskeiðum sem áhugaverð kunna að vera fyrir hafnir, fylgist með framboði námskeiða og funda sem áhugaverðir kunna að vera fyrir starfsfólk hafna og annast undirbúning og framkvæmd hafnafundar haustið 2013.

Í umhverfis- og öryggisnefnd voru kjörnir:

1. Hörður Blöndal Hafnasamlagi Norðurlands, formaður,
2. Már Sveinsbjörnsson Hafnarfjarðarhöfn,
3. Gísli J. Hallsson Faxaflóahöfnum sf. og
4. Björn Arnaldsson Höfnum Snæfellsbæjar.

Nefndin fylgist með og fjallar um málefni hafna á sviði umhverfis- og öryggismála. Í því felst m.a. að hafa á hendi almenn samskipti við Umhverfisstofnun varðandi mengunarvarnir og Siglingastofnun varðandi öryggisreglur og reglur sem varða hafnir varðandi umhverfismál o.fl. Nefndin fjallar að öðru leyti um öryggis- og umhverfismál hafna eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

## 7. Tilnefning í hafnaráð - 1011002HA

Gerð grein fyrir fulltrúum hafnasambandsins í hafnaráði 2010-2014.

Til kynningar. Árið 2010 voru tilnefnd til fjögurra ára Sveinn Valgeirsson, forstöðumaður Vestmannaeyjahafnar og Ásthildur Sturludóttir, hafnastjóri og bæjarstjóri í Vesturbyggð og til vara Hörður Blöndal, hafnastjóri Hafnasamlags Norðurlands og Þorsteinn Steinsson, hafnastjóri Vopnafjarðarhafnar.

## 8. Framlög til framkvæmda í höfnum í fjárlagafrumvarpi - 1210228HA

Gerð grein fyrir fjárlögum ríkisins til framkvæmda í höfnum í fjárlagafrumvarpi.

Stjórn Hafnasambands Íslands vekur athygli fjárlaganefndar Alþingis á mikilvægi þess að framlag ríkisins til hafnaframkvæmda í fjárlögum ársins 2013 endurspegli þörf hafnanna á nauðsynlegum endurbótum hafnarmannvirkja og nýframkvæmdum. Stjórnin lýsir yfir óánægju sinni með rýrar tillögur í þessum efnunum og skorar á fjárlaganefnd að hækka framlag ríkisins til þessara verkefna.

## 9. Skuldahlutfall sveitarfélaga, lántökur o.fl. - 1210002HA

Lagt fram að nýju erindi Reykjaneshafnar, dags. 19. september 2012, með hugleiðingum um fjármálareglur sveitarfélaga og hvernig skuldir hafna geta haft áhrif á skuldahlutfall sveitarfélaga. Jafnframt er í erindinu fjallað um nýja stefnu ríkisins vegna fjármögnunar hafnarframkvæmda við útflutningshafnir, þ.e. að ríkið vill að í stað ríkisstyrkja komi ríkislán sem skuli endurgreidd þegar hafnir fara að skila hagnaði.

Ákveðið að fá Guðjón Bragason sviðstjóra lögfræði- og velferðarsvið sambandsins á næsta stjórnarfund til að ræða um fjármálareglur sveitarfélaga, skuldahlutfall þeirra og fjármögnun hafnarframkvæmda við útflutningshafnir.

## 10. Vigtun sjávarafila - 0901002HA

Lagt fram erindi Vesturbyggðar, dags. 11. september 2012, um aðgang að rafrænum gögnum hjá Fiskistofu fyrir Gaflinn.

Málið rætt. Kannað verði hvort nauðsynlegt sé að taka saman upplýsingar um þau tölvukerfi sem hafnir nota og hvort grundvöllur sé fyrir samstarfi hafna um endurnýjun tölvukerfa.

## 11. Ítrekuð brot á siglingavernd - 1209008HA

Lögð fram afrit af bréfum innanríkisráðuneytisins, dags. 31. ágúst 2012, til Siglingaverndarráð og Eimskipafélags Íslands hf. um ítrekuð brot á siglingavernd og innbrot á athafnasvæði Eimskips í Sundahöfn.

Lagt fram til kynningar

## 12. Landsskipulagsstefna 2013-2024 - 1210084HA

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 24. september 2012, með ósk um umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024. Gögnin er hægt að nálgast á [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).

*Formanni falið að ræða við lögfræðinga Sambands Íslenskra sveitarfélaga og fá þá til að skoða tillögurnar með tilliti til hafnarmála.*

## 13. Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum - 1203028HA

Lagt fram bréf frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 8. október 2012, um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Í ljósi þess hve stutt er frá síðasta þingi og þess að efni þingmálsins hefur ekki tekið verulegum breytingum hyggst nefndin ekki setja málið í umsagnarferli að þessu sinni heldur byggja umfjöllun sína á umsögnum frá síðasta löggjafarþingi. Er þess óskað að þeir sem aðilar sem fengu umsagnarbeiðnir um málið á síðasta löggjafarþingi kanni hvort þeir telji tilefni til þess að senda inn umsögn eða bæta einhverju við fyrirbyggjandi umsögn.

Einnig lögð fram umsögn hafnasambandsins, dags. 11. apríl 2012.

*Samþykkt að ítreka fyrri umsögn.*

## 14. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2012 - 1202002HA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins til nóvember 2013.

Dags.	Tími	Tegund	Aths.
Mánudagur 15. október	Kl. 11:00	Viðverufundur	
Mánudagur 19. nóvember	Kl. 11:00	Símafundur	
Föstudagur 18. jan. 2013	Kl. 11:00	Viðverufundur	
Föstudagur 15. febrúar 2013	Kl. 11:00	Símafundur	
Föstudagur 15. mars 2013	Kl. 11:00	Viðverufundur	
Föstudagur 19. apríl 2013	Kl. 11:00	Símafundur	
Föstudagur 3. maí 2013	Kl. 09:00	Heimsókn	Færeyjar
Mánudagur 6. maí 2013	Kl. 09:00	Heimsókn	Færeyjar
Mánudagur 3. júní 2013	Kl. 11:00	Símafundur	
Föstudagur 23. ágúst 2013	Kl. 11:00	Viðverufundur	
Föstudagur 20. sept. 2013	Kl. 09:00	Hafnafundur	Grindavík
Föstudagur 18. okt. 2013	Kl. 11:00	Viðverufundur	
Föstudagur 15. nóv. 2013	Kl. 09:00	Símafundur	

Fundi var slitið kl. 13:15

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Valur Rafn Halldórsson

---